

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs  
Dags. 27. desember 2017  
Mnr. 2017100072



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Íbúðir Fastís sem leigðar eru HSV

Í samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar kemur fram í 13. grein að HSV er veittur styrkur í formi afnota af fimm íbúðum. HSV hefur haft afnot af íbúðum umfram það undanfarin misseri. Á vinnufundi bæjarstjórnar og HSV þann 20. nóvember s.l. sem haldinn var í fundarsal bæjarstjórnar var ákveðið að HSV skilaði þeim þremur íbúðum í nokkrum skrefum. Einni íbúð verði skilað 1. júní 2018, annarri 1. október 2018 og þeirri þriðju 1. júní 2019.

Gerðir verða leigusamningar um allar íbúðirnar á þann veg að fram komi hvenær þeim ljúki. Bæjarráð þarf að samþykkja tillögu vinnufundarins.

MH